

Könnun á heimsíðu/og eða/samfélagsmiðli. Kannið virkni, útlit og innihald hans.

- Veljið heimasíðu/samfélagsmiðil sem ykkur finnst áhugaverður til skoðunar og greiningar.
- Skráið hjá ykkur athugasemdir um möguleika hans og virkni.
- Hverjir eru kostir / gallar við að nota hann?
- Hvert er félagslegt gildi hans, til hverra höfðar hann, hvernig hjálpar hann við að byggja upp samskipti?
- Hvernig byggir hann upp þekkingu?
- Hvernig hvetur hann til aðgerða? Hversu aðgengilegur er miðillinn og hversu auðvelt er að nota hann?

Heimasíðan sem ég valdi mér er heimasíða Sambands Íslenskra myndlistarmanna, <http://sim.is>. Ástæðan fyrir því að ég valdi þessa síðu er sú að þetta er opinber síða myndlistarmanna á Íslandi og mér lék forvitni á að skoða hvernig hún væri gerð.

Heimasíðan sim.is er gerð með vefumsjónarkerfinu Word Press og til viðbótar er notað plug-in sem heitir Yoast (<https://yoast.com/wordpress/plugins/seo/>). Grunnlitur síðunnar er hvítur og á síðunni eru notaðir borðar í ljósgráum litum. Letrið á hvítu flötunum er dökk grátt og leturgerðin gæti verið Helvetica. Á myndflötum er letrið hvítt. Útlit síðunnar er einfalt og stílhreint. Síðan er opin öllum og mjög auðvelt er að rata um hana og finna þar upplýsingar. Að auki er leitarvél í hægra horninu efst sem flýttir fyrir við að finna upplýsingar.

Hvað varðar virkni þá eru á síðunni krækjur í ýmis félög sem tengjast starfi myndlistarmanna, svo sem undirfélaga sem eiga aðild að SÍM og einnig er krækja í BHM. Á síðunni er hægt að komast á Facebook síðu félagsins og einnig á Youtube síðu þess. Að auki er hægt að lesa rafræna útgáfu af tímariti félagsins, Stara á heimasíðunni.

Hægt er að fá mjög gagnlegar upplýsingar um starfsemi félagsins og undirfélaga þess á síðunni. Einnig um listviðburði sem tengjast starfsemi félaga í SÍM. Þannig getur allur almenningur sótt sér upplýsingar á síðunni. Þarna er saman kominn á einn stað upplýsingar sem gagnast getur myndlistarmönnum varðandi ýmislegt sem tengist þeirra starfsemi, svo sem launakjör, sýningar, lausar listamannaíbúðir (residency) og annað sem er á oddinum hjá félaginu. Allar þessar upplýsingar auka þekkingu þeirra sem á síðuna leita.

Galli við síðuna er að svo virðist sem nýtt efni bætist ekki nógu hratt við, t.d. er á forsíðunni auglýsing um styrki og frestur til að sækja um rann út 23. ágúst á síðasta ári. Á forsíðunni er reyndar tilkynning um sýningu í SÍM salnum sem var opnuð þann 3. mars síðast liðinn. Svo virðist sem upplýsingar um helstu viðburði í tengslum við starfsemi félagsins sé á Facebook, því þegar smellt er á Facebook tengilinn sem er á heimasíðunni, þá opnast síðan þar með líflegum upplýsingum um starfsemi sem tengjast félögunum.

Síðan hefur án efa mikið gildi fyrir félagana, því þar geta þeir nálgast ýmsar upplýsingar sem þurfa á að halda. Það mætti þó gera betur, t.d. með því að hafa fleiri myndir af

starfsemi félagsins sýnilegar og gefa þannig upplýsingar um það líf sem fer fram innan vébanda þess. Einnig mætti hafa á síðunni möguleika fyrir félagsmenn til að birta myndir af starfsemi sinni á síðunni og gefa þeim kost á að skrifa ummæli þar og efla þannig möguleika þeirra til samskipta á síðunni sjálfri.

Í heild sinni er þetta smekkleg síða, en það vantar meira líf á hana til að gefa til kynna þá kröftugu starfsemi sem félagið stendur fyrir.

Reykjavík 7. mars 2017
Sigurlaug Kristmannsdóttir